

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 1992-2012, Lækjarhlíð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. september 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar frá 6. maí 1994.

Breytingin felst í því að landnotkun á miðsvæði við Lækjarhlíð er breytt úr verslunar-, þjónustu- og stofnanasvæði í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 20. september 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 701

20. september 2000

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013, Réttarheiði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. september 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013 frá 19. maí 1994.

Breytingin varðar breytta landnotkun á hlut reits sunnan Þelamerkur, úr verslunar- og þjónustusvæði í blandaða landnotkun verslunar og þjónustu ásamt íbúðarbyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðis. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 20. september 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 702

20. september 2000

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi norðan Skarðsheiðar 1997-2017, Indriðastaðir í Skorradalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 2. mgr. 14. gr., hefur ráðherra þann 20. september 2000 staðfest breytingu á svæðisskipulagi norðan Skarðsheiðar 1997-2017, frá 19. febrúar 1998.

Í tillögunni felst að hluti af landi Indriðastaða í Skorradalshreppi breytist úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Skorradalshrepps. Breytingin var send sveitarstjórn Borgarfjarðar.